

Ferðaskrifstofan Útsýn:

Fjöldaflutningar lækka fargjöldin

ferðaskrifstofan hefur tekið DC 8 þotu Flugleiða á leigu

Sumaraætlun Ferðaskrifstofunnar Útsýn er tilbúin fyrir nokkru og þar kemur í ljós að skrifstofan hyggst fjölga ferðum til sólarlanda næsta sumar og bæta tveimur lönðum við í hinar föstu sólarlandaferðir. Þetta eru Jógóslavía og Grikkland, en auk þess verður skrifstofan sem fyrr með ferðir til Spánar og Ítalíu.

Sú nýbreyttni verður tekin upp í sumar að Útsýn hefur tekið DC8 þotu Flugleiða h.f. á leigu til sólarlandaflugs í sumar en sú þota rúmar 250 farþega. Mun þotan t.d. flytja í sömu ferð farþega til Ítalíu, Jógóslavíu og Grikklands og verður þessi flugleið opnuð 13. maí nk. en síðan verða slíkar ferðir vikulega, þegar kemur fram á sumarið. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Ingólfur Guðbrandsson forstjóri Útsýnar efndi til nýlega.

Ingólfur sagði að mjög margir hefðu tekið þátt í Ítalíuferðum Útsýnar undanfarin ár og nyti baðstrandarþærin Lignano sýndandi vinsælda hjá Íslendingum. Um Jógóslavíu og Grikkland, sem eru nýir staðir í ætlun Útsýnar, þ.e.a.s. fastar vikulegar ferðir til þessara landa, sagði Ingólfur að Jógóslavíu nyti vax-

ur Útsýnar í Grikklandi verður Sigurður A. Magnússon, en enginn núlifandi Íslendingur þekkir eins vel til Grikklands og hann.

Um Spánarferðirnar sagði Ingólfur:

Útsýn hefur nú haldið uppi Spánarferðum í 20 ár, og enn er Costa del Sol vinsælasti dvalarstaðurinn. Ætlun Útsýnar þangad hefst 22. mars með páskaferð, sem er nærri fullskipuð, enda er nú sól og fegursta sumar þar syðra. Eftir páska býður Útsýn 3 þriggja vikna ferðir til Torremolinos með sérlega hagkvæmum kjörum. Ástæða er til að vekja athygli fólks á, hve hagkvæmur þessi ferðatími er, hiti nægur enda sólar dagar 27-30 í mánuði og þjónusta miklu betri en um hásumarið, en verð þrjúþungi lægra. Þessar ferðir selur Útsýn einnig með afborgunarskilmálum. Börn fá sérstakan afslátt í ferðum þessum, og Útsýn tekur nú upp aukna þjónustu m.a. með barnagæslu og ræsting gistiðsnæðis verður nú undir eftirliti íslensks starfsfólks. Þá verða einnig á boðstólum nýjar kynnisferðir og ný skemmtiprógrömm. Frá




Þessi mynd er frá Ítölsku Ölpunum, en Útsýn býður uppá 2ja daga skoðunarferð frá Lignano um 3 þjóðlönd. Ítalíu, Austurríki og Jógóslavíu.


andi vinsælda sem sumardvalarstaður enda væri þar margt skemmtilegt að sjá, auk þess sem baðstrendurnar við Adriaflað væru einstakar í sinni röð. Hægt er að velja um tvo staði í Jógóslavíu, Portoroz og Porec.

Grikkland er eitt sólríkasta land Evrópu með um 300 sólar daga á ári. Sökum sögu sinnar, sérkenna og veðurfars er Grikkland og hefur verið um langt árabíl eitt vinsælasta land álfunnar hjá ferðamönnum, Leiðsögumað-

júnibyrjun verður flogið með DC-8 þotu og flugið sameinað til Costa del Sol og Costa Brava, sem einnig hefur verið eftirsóttur sumarleyfisstaður Útsýnarfarþega í mörg ár. Þar hefur Útsýn nú stórbætt gistiðstöðu farþeganna, sem nú fá íbúðir í splunkunýrri, vandaðri byggingu við sjávargötuna. Ferðirnar til Lore de Mar eru þar ódýrustu, sem Útsýn hefur á boðstólum að undanskildum vorferðunum til Torremolinos. —S.dór.



Pierre Povoyeur ásamt Marc Chagall.



„Að karlmennirnir sem eru fulltrúar ríkjandi stjórnvalda eru samansafn þokamanna með bundið fyrir augun kemur fram í einni mynd Ragnheiðar á sýningunni“, segir Helge Ernst í Politiken.

„Óvænt og sterkt táknmál“

— segir í gagnrýni Politiken um grafíksýningu Ragnheiðar Jónsdóttur í Kaupmannahöfn

Nýlokið er í Danmörku sýningu á grafikverkum Ragnheiðar Jónsdóttur. Sýningin var haldin í Galeri Helliggejst í Kaupmannahöfn og hrósar Helge Ernst henni mjög í „Kunstrunden“ í Politiken 1. mars.

Þar segir m.a. að Ragnheiður Jónsdóttir sé íslenskur grafiker sem liggi eitthvað á hjarta og enda þótt margir aðrir hafi meðhöndlað líkan efnivið og hún, geri fáir það af eins miklum innileik. Sérstaklega þykir gagnrýnandanum mikið koma til mynda Ragnheiðar um stöðu konunnar. Þar sé ekki um lágvæðilegan áróður að ræða heldur óvænt og sterkt táknmál, sem eigi djúpar rætur í eigin reynslu. Einfaldar blómamyndir sem settar eru í stærra samhengi með táknrænum minnum, sýni einnig náin tengsl við náttúruna og geri myndina af heimi listamannsins auðugri og sannari. Bent er á að tónstigi Ragnheiðar sé breiður og innihald og form myndanna styrki hvort annað. Að öllu samanlögðu sé grafik Ragnheiðar Jónsdóttur þess eðlis að hún skipti verulegu máli.

Fyrirlestur um Chagall


Pierre Provoyeur, forstöðumaður Chagall safnsins í Nissa, heldur fyrirlestur á vegum Alliance Française í dag, þriðjudaginn 14. mars kl. 20.30 í franska bókasafninu, Laufásvegi 12.

Fyrirlesturinn fjallar um rússnesk-franska listamanninn Marc Chagall og hið nýja Chagall-listasafn í Nissa, sem stofnað var að tilhlutan Andrés Malraux, fyrrverandi menntamálaráðherra Frakka. Safninu var ætlað að hýsa um 450 verk trúarlegs efnis sem Chagall ánaðnaði franska ríkinu. Chagall-safnið byrjaði starfsemi sína árið 1973 og Provoyeur hefur frá upphafi unnið að skipulagningu og uppbyggingu þess í nánú samstarfi við Marc Chagall og arkitekt safnsins.

Með fyrirlestrinum, sem fluttur verður á frönsku, verða sýndar lítskyggjur af verkum Chagall og safninu.

Ragnheiður Jónsdóttir hefur haldið margar einkasýningar erlendis og tekið þátt í fjölda

samsýninga og nýtur grafíklist hennar verulegrar viðurkennningar erlendis. —ekh.



Skarðatungl

Með umsögn um lofsamlega dóma er Asgerður Búadóttir fékk fyrir sýningu í Danmörku birtist í laugardagsblaði Þjóðviljans mynd af listaverki hennar „Skarðatungli“, sem er í eigu

Listasafns Íslands. Þau mistök urðu að myndin snéri öfugt og er listamaðurinn beðinn velvirðingar á því um leið og myndin birtist hér á ný eins og til stóð.